

Reglugjörð

100
22. júlí

um fjallskil með meirum í Snæfellsness- og Hnappadalssýslu.

I. kafli.

Um geldfjárrekstra á afrjettir og fjalllönd á vorum.

1. gr.

Hreppsþúar í þeim sveitum, þar sem nægileg afrjettarlönd eru, skulu, ef þeir að álitum hreppsnefndar ekki eiga nægileg fjalllönd fyrir sjálfa sig, skyldir að reka í miðja afrjett að vorinu alt geldfje sitt, að meðtöldum dilkám. Nú eru engin slík afrjettarlönd til, heldur aðeins heimalönd og búfjárhagar, skal þá hreppsnefndin annast um, ef ekki fæst upprekstur í annari sveit, að fjenu sje jafnað niður í löndin að rjetttri tiltölu við landrými og með samkomulagi við landeiganda. Skulu sveitarmenn skyldir að nota slíkan upprekstur eftir tilvísun hreppsnefndar, svo framarlega, sem upprekstrartollurinn fer ekki fram úr því, sem hann er ákveðinn hjer á eftir.

2. gr.

Í upprekstrartoll greiðist 50 aurar fyrir hverjar 10 sauðkindur, hvort heldur sem eru lömb eða roskið fje, og skal tollur þessi vera greiddur innan októbermánaðarloka ár hvert, ef ekki er öðruvísi umsamið.

Hver fjáreigandi skal skyldur til þess að skýra hlutaðeigandi hreppsnefnd fyrir 15. ágústmánaðar frá tölu þess sauðfjár, er hann átti fjallrækt það vor; en hreppsnefndinni ber fyrir fjalleitir að haustinu að tilkynna þeim, er hafa rjett til fjallatolla, að hverjum fjáreigendum þeir eigi aðgang um greiðslu á þeim.

3. gr.

Þar sem svo hagar til hjer í sýslu, að mikill ágangur á sjer stað af fjenadi úr hreppum utan sýslu, þá er hlutaðeigandi hreppsnefnd skylt að leita samkomulags við hreppsnefndirnar í þeim hreppum, sem fjenaðinn eiga, er áganginn veitir, um borgun fyrir áganginn. En náist ekki viðunanlegt samkomulag milli hlutaðeigandi hreppsnefnda, þá geta hreppsnefndir hjer í sýslu, sem verða fyrir miklum ágangi af fjenaði úr hreppum utan sýslu krafist 5 aura gjalds fyrir hverja sauðkind, sem smalað er hjer til rjettar, og er fram yfir þá fjártölu, er viðkomandi hreppur á þar, og skal borgunin vera greidd hlutaðeigandi hreppsnefnd fyrir lok desembermánaðar ár hvert.

Borgun sú, er ræðir um í þessari grein, greiðist í hlutaðeigandi sveitarsjóð.

Fráfæring allan skal vakta, annaðhvort heima áður en hann er rekinn eða þar sem hann er skilinn eftir í fjalllandinu, að minsta kosti 2 sólarhringa. Enginn má heimildarlaust reka eða sleppa fjenaði sínum í annara manna lönd, sem hann á ekkert tilkall til. Reka skal þannig gegnum heimalönd manna, að ekki hljótist skaði af.

Brot móti þessum kafla varða 2—20 kr. sekt auk skaðabóta eftir mati óvilhallra manna.

II. kaflí.

Um vorsmalanir.

5. gr.

Hreppsnefnd hefir heimild til að skipa fyrir um smölun sauðfjár á vorum til rúnings þegar hentugast þykir. Ef þörf gjörist, má hún láta göngur fara fram á afrjettum og fjalllöndum. Hið sama gildir að því er snertir smölun til frá-
færna. Ennfremur ákveður hreppsnefnd leitardag hver í sínum hreppi.

6. gr.

Hreppsnefndin jafnar niður vorfjallskilum á menn á sama hátt og vana-
legt er um niðurjöfnun fjallskila að haustinu. Þó skulu þeir fjáreigendur, sem koma fje sínu fyrir til vorhirðingar hjá öðrum, vera undanskildir vorfjallskilum, en þeir, sem fjeð taka, skulu sjá fyrir fjallskilum á því, sem sínu eigin fje.

7. gr.

Alt það fje, sem við leitir þessar finst, skal rekið til lögskilarjettar. Þó mega hreppsnefndir fyrirskipa, að annarstaðar sje fje að rekið, ef það þykir heppilegra, og skulu þær velja einn eða fleiri menn þartil hæfa, er sjái um, að alt gangi vel og skipulega fram, þar sem fjeð er rekið að.

8. gr.

Skylt er hreppsnefnd að sjá um, að alt órúíð fje, innanhrepps og utan, sem í leitum þessum finst, sje rúíð, og öll ómörkuð lömb sjeu mörkuð undir mörk mæðra þeirra.

Borgun fyrir rúning á aðkomnu fje og mörkun á lömbum, sem ekki eru líkur til að eigendur eða umráðamenn hirði, skal vera þessi: 50 aurar fyrir að

rýja kindina og sömuleiðis 50 aurar fyrir að marka lambið, og skal sá er verkið **100** vinnur, vera skyldur til að merkja ullina greinilega og gjöra eiganda viðvart um **22. júlí** hana, sem svo um leið og hann hirðir hana greiði áfallinn kostnað, enda gjöri sá, er verkið hefir unnið, eiganda grein fyrir marki, kyni og öðrum einkennum á kindum þeim, er hann hefir rúíð og markað.

III. kafli.

Um sauðfjármörk.

9. gr.

Sjerhver fjáreigandi skal skyldur til þess, að hafa glögt og löglegt eyrarmark á sauðfje sinu — en afeyrt er ólögmaett. Nú eignast maður kindur, sem hann getur ekki markað undir sitt mark, og skal hann þá skyldur til, bæði að fá leyfi markeiganda, ef kostur er á að láta þær ganga með markinu, og brennimerkja og hornamarka þær svo glögt, sem verða má, og afhenda hreppsnefndinni skriflega lýsingu á eyrnamarki og öðrum einkennum kinda þessara fyrir ágústmánaðarlok ár hvert.

Nú vill einhver taka upp nýtt fjármark, skal hann þá tilkynna það hreppsnefndaroddvita og hreppstjóra, bæði í hreppnum, sem hann býr í, og í aðliggjandi hreppum, er innfæri það í markaskrár sínar.

Enginn má taka upp fjármark, sem annar sýslubúi hefir, nje hafa fleiri en tvö sauðfjármörk.

10. gr.

Nú flytur markeigandi inn í sýsluna; skal hann þá tilkynna mark sitt á þann hátt, sem segir í 9. gr; eigi hann sammerkt við nokkurn í sýslunni, skal hann þá leggja það mark niður eða semja við hlutaðeiganda um notkun þess.

Skylt er hverjum markeiganda að láta prenta mark sitt, þegar markaskrá er prentuð. Allir markeigendur skulu fá 1 eintak af skránni.

11. gr.

Á brennimarki sýslunnar skulu vera þessir stafir S. H., og að auki tölustafir þannig:

100

22. júlí

- S. H. 1 fyrir Kolbeinsstaðahrepp.
 — 2 — Eyjahrepp.
 — 3 — Miklaholtshrepp.
 — 4 — Staðarsveit.
 — 5 — Breiðuvíkurhrepp.
 — 6 — Neshrepp utan Ennis.
 — 7 — Ólafsvíkurhrepp.
 — 8 — Fróðárhrepp.
 — 9 — Eyrarsveit.
 — 10 — Helgafellssveit.
 — 11 — Stykkishólmshrepp.
 — 12 — Skógarstrandahrepp.

Brennimörk þessi skulu vera sett framan á vinstra horn kindarinnar, en brennimark eiganda framan á hægri horn. Skyld er öllum þeim, er soramarkaðar kindur eiga, að nota þessi brennimörk á hyrndar kindur.

12. gr.

Markaskrá fyrir sýsluna skal prenta 10. hvert ár, og viðaukaskrá yfir ný mörk 5. hvert ár, ef þörf krefur, og skal hreppsnefndin í hverjum hreppi annast um að safna öllum eyrna- og brennimörkum í hreppnum, og setja þau saman eftir stafrófsröð í greinilega skrá. Hreppsnefndin skal því næst eftir að hún hefir samið skrána, leggja hana fram til sýnis fyrir fjáreigendur í hreppnum, svo að sjerhverjum þeirra gefist kostur á að sjá, að mark sitt sje rjett skrásett. Síðan sendir hreppsnefndin sýslunefndinni skrána, sem annast svo um að aðalskrá sje samin yfir öll mörk sýslunnar og síðan prentuð.

Sjerhver markeigandi skal skyldur að skýra hreppsnefnd frá marki sinu svo að það komi í markaskrána. Og skal hver markeigandi greiða fyrir prentun marks síns það, sem sýslunefnd ákveður, og gengur það til prentunarkostnaðar. Fyrir brennimörk skal þó eigi greidd nein sjerstök borgun.

Skyldar skulu hreppsnefndir að semja skrá yfir öll fjármörk í hreppnum, svo mörg eintök, að hver sá, er sendur er í aðrar rjettir, geti fengið eitt þeirra, og skulu markeigendur skyldir til þess að senda oddvita mark sitt fyrir 15. ágúst, þeir er innflutt hafa í hreppinn næsta vor á undan, eða þeir, er taka upp ný mörk eða breyta marki. Skrár þessar skulu afhentar oddvita að afloknum skilarrjettum ár hvert.

13. gr.

Enginn má blóðmarka kindur í rjettum eða á hausti, nema því aðeins, að viðstaddir sjeu tveir vottar.

Brot móti þessum kafli varða 2—10 kr. sekt.

IV. kaflí.

Um fjallskil.

14. gr.

A ári hverju skulu hreppsnefndir hver í sínum hreppi kveðja skriflega með nægum fyrirvara alla þá, sem skyldir eru að ganga á fjöll eftir sauðfje, samkvæmt 15. gr. í reglugjörð þessari, til þess að leita afrjettir og önnur fjalllönd innan merkja þeirra, sem tilgreind eru í 16. gr. Fjallskilaboð þetta gangi sem þingboð um allan hreppinn, og varðar sektum, ef tefst eða niður fellur; skal í því nákvæmlega ákveða, hvernig fjallgöngum skal haga, rekstrum til rjetta, geymslu safnsins við rjettina þangað til rjettarhald byrjar, hverjir skulu sækja fje í aðrar rjettir, og hvað annað, sem tilheyrir fjallskilum. Til þess að sækja fje í utansveitarrjettir, skal velja markglögga og gætna menn. Þeir skulu vera útbúnir með markaskrá sýslunnar og hreppsins. Hreppsnefndin skal og skipa fyrir hverjir skuli vera leitarstjórar og skulu þeir ætíð skyldir til þess að ganga með leitarmönnum.

Öll óhlýðni gegn fyrirskipunum hreppsnefndar og leitarstjóra varðar sektum, samkvæmt 24. grein.

15. gr.

Hver sá maður, sem á eða hefir umsjón yfir alt að 12 kindum, hvort heldur er lömb eða roskið fje, er til fjalls skulu rekna, skal skyldur að greiða 25 auro fyrir hverja kind til hlutadeigandi hreppsnefndar, sem svo verji því til fjallskila í hreppnum, eftir því sem þörf krefur, ella falli í sveitarsjóð þess hrepps, er fjallskilin eiga að fara fram í. Hreppsnefndir innheimta gjald þetta og má taka það lögtaki á kostnað gjaldanda, samkvæmt lögum 16. desbr. 1885 um lögtak og fjárnám.

Hver sá maður, sem á eða hefir umsjón yfir 12 kindum fjallrækum og þar yfir, skal skyldur að gjöra fjallskil eftir fyrirskipun hreppsnefndar þeirrar, sem hlut á að máli. En jafna skal nákvæmlega niður fjallskilum á alla fjáreigendur eftir sauðfjártölu og þörfum, svo að fjallskilum og fjárheimtum sje svo vel fullnægt, sem unt er, enda segi hver fjáreigandi hreppsnefnd til fjáreignar sinnar á fjalli fyrir 15. ágúst ár hvert.

Nú reka menn einnig fje á fjall í öðrum hreppi og skulu þeir þá skyldir að greiða gjald það, sem ræðir um í fyrstu málsgrein þessarar greinar eða gjöra fjallskil þar eftir fjármagni því, sem þar er rekið til fjalls. En reki þeir ekkert fje til fjalls í þeim hreppi, sem þeir eru fjallskilaskyldir í, greiði þeir samt helming þess gjalds, sem ákveðið er í fyrstu málsgrein þessarar greinar í sveitarsjóð þess hrepps. En þeir, sem eiga 12 kindur og þar yfir, en reka ekkert fje til

100 fjalls í sínum hreppi, skulu auk fjallskilanna í hinum framandi hreppi skyldir að 22. júlí leggja til að minsta kosti 1 mann í tvær göngur til fjallskila í sínum hreppi.

16. gr.

Þessi eru gangnamerki hreppa í milli: Langmerki eru: fjallgarðurinn þar sem hann er hæstur eins og vötnum hallar, eða þar sem hreppalönd ná saman. Þvermerki eru þessi: á milli Hörðudals og Skógarstrandar, Gunnarsstaðaá milli fjalls og fjöru, og leita Skógstrendingar þaðan að Kársstaðahálsi. Milli Skógarstrandar og Helgafellssveitar ræður Kársstaðaháls og leita Helgfellingar og Stykkishólmsbúar þaðan og að Axarhamri, Tröllahálsi og Hraunfirði. Þaðan leita Eyrsvéitingar að Búlandsgili, Höfðakúlum, Kistufelli og Kaldnasa. Þá Fróðæringar þaðan að Stafnafelli, Korra, Steinahlíð, Miðfellsöxl, Ytri-Moldarmúla, Hestdalsbotni, Hesti, Rauðukúlu og Folahnúk, svo ráða eggjar að Fossá. Þá leita Ólafsvíkingar frá Fossá eftir eggjum vestur í Geldingafell, þaðan þvert niður í Giljatungu í Fossdal, Hróaskarð, Ennishól og Loðnugjá. Þá Neshreppingar að Skarðsvík, Brattahrauni, Kálfadölum, Miðfelli og Bárðarkistu. Þá Breiðvíkingar að Axlargangi, beina stefnu í Rjúpnaborgir, eftir hreppamerkjum milli Staðar-sveitar og Breiðuvíkur. Þaðan leita Staðsveitingar að Djúpagili, Urðarmúla, Baulárvallavatni, Vatnaá og Hvanngili. Þaðan leita Miklhreppingar að Skyr-tunnu, Hafursfelli og Svínhól. Þá Eyjhreppingar að Svinavatni, Svinaskarði, Arná, Oddastaðavatni og Hafursfjarðará. Þá Kolhreppingar að Geirhnúk, eftir Vatnsblíðareggjum, að Klyfsandi og Hítará.

Þar sem fjöll og hálsar ráða þvermerkjum, skal frá báðum hliðum gengið að vatnaskili.

17. gr.

Næsta virkan dag fyrir fyrsta leitardag og sömuleiðis fyrir skilarjettardaginn, skal hver búandi skyldur að leita vandlega heimalönd sín, þau, sem vanalega ekki eru leituoð til rjettar, og skal hann í tæka tíð reka alt geldfje, sem í þeim finst og hann ekki á sjálfur eða heimafólk hans, til rjettar eða í fjallasafn. Hinsvegar er bannað að draga í sundur fjallasafn annarsstaðar en í lögrjettinni. Heimalönd teljast aðeins þau, sem notuoð eru fyrir málnytupening og brúkunarhross. En viðáttumeiri lönd sjeu leituoð eftir fyrirskipun hreppsnefndar.

18. gr.

Þrjár skulu fjalleitir á hausti hverju. Til fyrstu rjettar skal gengið daginn áður en rjettað er, þar sem hreppsnefnd álitur þess þörf. Til annarar rjettar skal gengið næsta virkan dag á eftir fyrstu rjett og það fje, sem þá finst, skal rjettað sama daginn og gengið er, þar sem því verður við komið; þó skal við-

komandi hreppsnefndum heimilt að fella niður aðra leit. Til þriðju rjettar — **100** skilarjettar — skal gengið fimtudaginn í 24. viku sumars í öllum hreppum sýsl- 22. júlí. unnar, og skilarjett haldin næsta dag á eftir.

Leitardagar skulu vera tilgreindir í fjallskilaboðinu.

Mishepnist þriðja leit, skulu hreppsnefndir hafa vald til að fyrirskipa fjórðu leit á fjalllönd þau, er þeim ber að sjá um. Til þessarar leitar mega hreppsnefndir gjöra auka-niðurjöfnun á alla fjáreigendur, sem hlut eiga að máli.

19. gr.

Leitarstjórar skulu annast um, að leitir fari vel og skipulega fram; til þess heyrir meðal annars, að leitarmenn hefji leitina, þá er sauðljóst er orðið, og hittist úr nágrannahreppum, eða bíði hverir eftir öðrum á gangnamótum, þar sem því verður við komið, enda haldi þeir leitunum samhliða hver til sinnar rjettar. Nú hittir leitarmaður vanfæra kind í leit sinni, og álitur að hann geti ekki komið henni til rjettar, án þess að vanrækja göngu sína, skal hann þá skera kindina og dysja hana forsvaranlega þannig að hann geti vísað til hennar og skýrt frá marki á henni.

20. gr.

Leitarstjórar skulu vandlega gæta þess, að allir þeir, sem fjallskil eiga að gjöra, leggi svo marga fullgilda menn til, sem hreppsnefndin hefir ákveðið, samkvæmt 15. gr. — Nú vanrækir einhver að gjöra þau fjallskil, sem á hann voru lögð, og má þá hreppsnefndin eða leitarstjóri, verði því viðkomið, kaupa menn til að vinna það, sem á vantar til fjallskilanna, upp á hans kostnað, eftir mati óvilhallra manna, enda gjaldi að auki sekt, samkvæmt 24. gr.

21. gr.

Leitarstjóri skal strax hlífðarlaust tilkynna hlutaðeigandi hreppsnefnd alla óhlýðni gegn fyrirskipunum hans, en hreppsnefndin kærir slikt sem og sjerhverja aðra skylduvarnækt með tilliti til fjallskila, fyrir sýslumanni til sektar. Sömu leiðis hefir hver einstakur maður rjett til að kæra til hreppsnefndar hafi hún beytt við hann rangindum eða íþyngt honum fram yfir það, sem þessi reglugjörð leyfir, og skal hann þá hafa gjört það skriflega til oddvita fyrir 20. okt. það ár. En nái hann eigi rjetti sínum á þann hátt, getur hann skotið máli sínu til sýslumanns til endilegs úrskurðar.

Fjallafje það, sem ofan slangrar í kvifje manna, skal, þegar þörf gjörist, skilja úr, og leggja nágrannar saman til að reka það aftur til fjalls í lönd þau, er til uppreksturs eru notuð.

Auk heimalandssmalana þeirra, sem getið er í 17. gr., geta hreppsnefndir svo oft sem þörf gjörist fyrirskipað almenna rækilega smölun í öllum heimalöndum í hreppnum, og skal þá öllu fje komið beinustu leið til áttaha sinna. Nú kemur rekstur til búanda, skal hann þá, ef mögulegt er, láta rannsaka hann og taka úr honum kindur þær, sem ekki eru á rjettri leið, ef nokkrar eru, og leiðbeina þeim í rjetta átt, svo fljótt sem því verður við komið.

Hver, sem finnur kindur í fjallendum þeim, sem ekki teljast með búfjánhögum, að afstöðnum öllum lögboðnum leitum, skal fá fundarlaun eftir óvilhallra manna mati, þó mega þau ekki fara fram úr $\frac{1}{4}$ verðs þess, sem kindurnar eru metnar.

Af þeim kindum, sem finnast kunna í búfjánhögum, ber ekki að greiða fundarlaun, en sjerstaka fyrirhöfn, svo sem að ná kindum úr klettum eða því um líkt ber að borga.

Hver, sem verður uppvis að því, að hafa fundið kindur eftir þann tíma, sem greinin mælir fyrir, á fjallöndum eða í heimahögum, og ekki hirt eða komið til skila, sæti sektum.

Brot móti þessum kafla varða sektum 2—20 kr.

V. kafli.

Um rjettarhöld og meðferð á úrtiningsfje.

Þar skulu rjettir vera, sem segir í 27. gr. og svo langt og víða til reka, sem segir í 16. gr.

Breyta má þessu með samþykki meiri hluta hreppsþúa, hreppsnefndar og sýslunefndar.

26. gr.

100

Þrisvar skal rjettað á hausti í hverri lögskilarjett, þó með þeirri undan- 22. júní
tekning sem segir í 18. gr., og skulu hreppsnefndir annast um að rjettir sjeu að
öllu vel uppbygðar og nægir dilkar handa öllum hreppsþúum, sem sjálfir annist
um dilkadýr sínar á meðan á rjettarhaldinu stendur, helst með grindum eða á
annan jafn-tryggilegan hátt. Dilka handa utanhreppsþúum eru hreppsþúar ekki
skyldir að leggja til nema jafnstóra því dilkarúmi, sem þeir þurfa að fá hjá ut-
anhreppsþúum. Þeir menn, sem reka fje sitt á fjall í öðrum sveitum, skulu sjá
sjer þar sjálfir fyrir dilkarúmi. Rjett er að nefndin kjósi einn mann úr sínum
flokki til umsjónar, sem rjettarstjóra.

27. gr.

Rjettir skulu haldnar í þeirri röð og á þeim dögum, er nú greinir: Þverár-,
Vörðufells-, Kaldárdals- og Kothraunsrjett mánudaginn í 22. viku sumars. Dranga-,
Mýrdals-, Arnarhóls- og Selgilsrjett þriðjdaginn í 22. viku sumars. Miðhraunsrjett
miðvikudaginn í 22. viku sumars. Brekku- og Grundarrjett fimtudaginn í 23. viku
sumars. Haugabrekku-, Ólafsvikur-, Bláfeldar- og Hnausarjett föstudaginn í 23.
viku sumars. Fagurhóls- og Hraunskarðsrjett laugardaginn í 23. viku sumars.

Vörðufells-, Kaldárdals-, Kothraun-, Selgils- og Ólafsvikurrjett eru auka-
rjettir en hinar allar lögskilarjettir. Og er því hreppsnefndum í þeim hreppum,
sem aukarjettir eru í skylt að annast um að alt úrtíningsfje, er fyrir kann að
koma í aukarjettunum á haustum, sje tafarlaust komið til lögskilarjettanna.

28. gr.

Hreppstjórar skulu halda lögreglu í hverri lögskilarjett og aukarjett, en
rjettarstjóri annast um innrekstur fjárins og sjer um að fjeð ekki troðist undir,
gætir þess, að fjenu sje ekki á nokkunn hátt misþyrmt, og kallar hreppstjóra til,
ef svo ber við; lítur eftir að sundurdráttur fjárins fari vel og skipulega fram.
Markglöggir menn skoði í dilka áður en út er hleypt og gæti þess, að fje fari
ekki saman úr dilkunum. Skal því enginn hleypa út fyr en rjettarstjóri leyfir,
sem ekki sje fyr en búið er að töflulesa úrtining, og skal þá aðalreglan, að utan-
hreppsmenn hleypi fyrst út, og svo þeir, sem lengst eru að.

29. gr.

Ómerkinga alla skal draga í sjerstakan dilk, og skulu þeir geymdir þar
uns búið er að draga úr almenningnum. En að loknum fjárdrætti skal þeim slept
í almenninginn, og skal þangað færa allar ær, sem von getur verið um að ættu
þá, svo þær geti helgað sjer lömb sín. Rjettarstjóri skal jafan vera viðstaddur

100 og engum skal heimilt að taka ómerkinga, sem eign sína nema með samþykki 22. júlí. hans og meiri hluta hreppsnefndar.

Alla ómerkinga, sem enginn finst eigandi að, skal selja strax á rjettarstaðnum og andvirði þeirra renna í sveitarsjóð. Um ómerkinga, sem finnast eftir rjettir fer sem um annað óskilafje, ef enginn getur helgað sjer þá, og rennur einnig andvirði þeirra í sveitarsjóð.

30. gr.

Mýjetninga skal selja í hverri lögskilarjett, þó því aðeins, að enginn geti helgað sjer þá, og að eyrun sjeu svo skemd, að ekkert mark verði gjört úr; rjettarstjóri skal kalla til hreppstjóra og markglögga menn, bæði innan hrepps og utan hrepps, og sjeu þeir allir samdóma um markleysi þessara kinda. Annars fer um þá, sem um annað óskilafje; sama er um þá mýjetninga, sem finnast eftir rjettir, og rennur andvirði þeirra í sveitarsjóð.

31. gr.

Öllum úrtíningi úr 1. og 2. rjett skal slept milli rjetta í land rjettarbónda eða annars, sem hentugra þykir; en fje það sem ekki dregst upp eða hirt er í skilarjett, skal þá þegar afhenda hreppstjóra og skal hann þá kveðja til með sjer tvo markglögga og gætna menn, skulu þeir allir skoða kindurnar bæði eyrnarmörk og hornamörk og segja til marka; þá skal hreppstjóri nákvæmlega skrifa upp og lesa mörkin í heyranda hljóði. Það sem þá verður óuppdregið skal þegar selt við opinbert uppboð án útlausnarfrests. Allir þessir 3 menn bera ábyrgð á, að mörkunum sje rjett lýst.

32. gr.

Rjettartoll skal greiða úr hreppssjóði búanda þeim á hvers landi rjettin stendur, sem sje 5—10 kr., eftir samkomulagi við hreppsnefndina eða mati óvilhallra manna.

33. gr.

Nú koma utanhreppskindur fyrir í einhverjum hreppi eftir afstaðnar skilarjettir og þekja menn eigendur að þeim, skulu þær þá á kostnað eiganda geymdar í vörslum hreppstjóra, sem annast um að eigendum verði tafarlaust gjört aðvart um þetta, sjeu þeir í nálægum hreppum. Hafi eigendur ekki leitt sig að kindum þessum fyrir Marteinsmessu, skal hlutaðeigandi hreppstjóri selja þær við opinbert uppboð, sem áður sje auglýst í hreppnum með nægum fyrirvara. Kindur þær, sem koma fyrir eftir skilarjettir, og ekki þekkjast eigendur að, skal fara með á sama hátt. Geymslukostnaður sje 4 aurar um sólarhringinn.

34. gr.

100
22. júlí

Lýsing á óskilafje því, sem við opinbert uppboð er selt, skal sendast sýslumanni fyrir miðjan desember, er auglýsi hana í Lögbirtingablaðinu á kostnað sýslusjóðs ekki síðar en í febrúar næsta ár; skal þá hver sá, sem getur helgað sjer eitthvað af hinu selda fje, hafa rjett til að fá andvirði þess, vitji hann þess fyrir næstu Mikaelsmessu, þó að frádregnum öllum lögmætum og sanngjörnum kostnaði, sem fyrir því var hafður.

VI. kafli.

Um fjármarkaðshöld á haustum og rekstur á sölufje.

35. gr.

Alt fje í sölufjárrekstrum skal vera merkt með skíru rekstrarmerki er sje svo glögt, að það sjáist vel tilsýndar í björtu, og svo traust að það máist eigi af þótt votviðri gangi. Auk þessa merkis skulu fjárkaupamenn spjaldbinda hverja kind, og skal spjaldið vera með glöggu og góðu merki, fjárkaupamanns þess, sem kindina kaupir, og ennfremur áframhaldandi tölumerki.

36. gr.

Varast skal svo sem auðið er að rekstrum lendi saman við annað fje. Eigi má halda áfram með rekstur úr því svo dimt er orðið, að ekki er markljóst, nema brýn nauðsyn beri til, svo má og eigi leggja upp með rekstur fyr en markljóst er orðið.

37. gr.

Rekstrarmenn skulu gæta þess, komi kindur saman við reksturinn, að skilja þær strax úr rekstri sínum, svo að þær eigi rekist til ógreiða. En, ef þeir reka kindur til ógreiða með rekstrinum, skulu þeir skyldir að koma þeim á sinn kostnað til eiganda ella sæta ábyrgð fyrir.

Brot móti þessum kafia varða sektum frá 2—100 kr., er hálfar gangi til uppljóstursmanns en hálfar til viðkomandi sveitarsjóðs.

VII. kaflí.

Um stóðhross og naut.

38. gr.

Enginn hrossa- eða nautaeigandi má sleppa þeim ómörkuðum. Skyldur er hver sá, sem á hross eða naut, sem ekki er í daglegri hirðingu, að lýsa marki sínu á þeim fyrir hlutaðeigandi hreppsnefnd og láta prenta það við fyrsta tækifæri í markaskrá sýslunnar.

39. gr.

Alstaðar í sýslunni þar sem stóðhross ganga að sumrinu skal smalað og rjettað í skilarjett. Þau hross, sem þá ekki þekkjast eigendur að og enginn hirðir, skulu tekin til geymslu á kostnað eiganda og auglýst sem annað óskilafje. Þó skulu þau ekki seld fyrir 30. nóvember það ár. Geymslukostnaður fari ekki fram úr 10 aurum um sólarhring.

Hver sá, er stóðhrosss á eða naut, eða tekur til hirðingar í land sitt, skal skyldur til þess, að hirða þau svo, að þau ekki gangi í annara manna löndum. Hirði hann þau ekki eftir að honum hefir verið gjört aðvart um að hirða þau, greiði hann fyrir þau hagatoll, er eigi nemi minna en 10 aurum fyrir hvert um sólarhringinn, frá því hann fekk tilkynninguna til þess, er hann hirðir þau.

Upprekstrartollur skal vera 3 kr. fyrir hvert hross, sje ekki öðruvísi um samið.

Brot móti þessum kafla varða sektum 2—20 krónur.

VIII. kaflí.

Um grenjaleitir og eyðingu refa.

40. gr.

Sjerhver hreppsnefnd skal árlega annast um grenjaleitir og eyðingu refa í hreppi sínum — þar með talin fjalllönd, — skal hún í tækan tíma ráða einn eða tvo áreiðanlega skotmenn til grenjavinslu í landareign hreppsins á tímabilinu frá 14. maí til 14. júlí, og má enginn skotmaður innan hrepps skorast undan því verki án gildra orsaka.

Borgun til skotmanns skal vera, hvort heldur hann er í grenjaleit eða liggur á greni, 3 krónur um sólarhringinn í kaup og fæðispeninga. Þó má hreppsnefnd eftir atvikum ráða skotmann upp á hærra eða lægra kaup. Hálfur sólar-

hringur telst sem heill, en skemri tíma er slept. Þess utan fær skotmaður í auka-
þóknun fyrir fyrra dýrið 4 krónur og fyrir síðara dýrið 8 krónur, og sömu borgun
fyrir ef fleiri dýr fullorðin vinnast á sama greni. Skal hann sýna oddvita skott
dýranna því til sönnunar, og þau síðan eyðilögð.

100
22. júlí

Alla þá yrðlinga, sem skotmaður, vökumaður eða aðrir ná á greni, skulu
þeir fara svo varlega með og hygla svo sem þeim er unnt og færa þá sem fyrst
til viðkomandi oddvita, er lætur hreppstjóra selja þá við opinbert uppboð; en
andvirði þeirra skiftist að jöfnu á milli skotmanns, vökumanns, ábúanda og
sveitarsjóðs.

41. gr.

Hver búandi í hreppi hverjum skal skyldur að leita árlega þrisvar á vori
grenja í landi ábýlisjarðar sinnar, sje það ekki viðlendara en svo, að hann noti
það fyrir sinn eigin fjenað. Hreppsnefndin skal rækilega brýna þessa skyldu
fyrir mönnum, og gæta þess; að henni sje hlýtt. Fyrir hvert gamalt gren, er
finst og dýr hefir lagst í það vor, skal greiða finnanda 2 krónur, og fyrir hvert
nýtt gren 5 krónur. Hreppsnefndin annast einnig um grenjaleitir á fjallöndum
og löndum eyðijarða, sem ekki eru notuð fyrir búfjenað. Fyrir þær leitir má
greiða sanngjarna þóknun úr sveitarsjóði.

42. gr.

Þegar gren finst, skal bóndi sá í hvers landareign grenið er fundið, tafar-
laust vitja skotmanns, ef hann er ekki með í leitinni — sem helst ætti að vera
— til þess að fá hann á grenið og ber að greiða honum sanngjarna þóknun
fyrir það af sveitarsjóði, samkvæmt reikningi. Bóndi skal og leggja til vöku-
mann á grenið með skotmanni, og ber honum fyrir það í kaup og fæðispeninga
3 krónur um hvern sólarhring, en hálfur sólarhringur reiknast sem heill.

Finnist gren og sje skotmaður ekki með í leitinni, skal varast að hafa
nokkra dvöl á greninu og forðast allan umgang í nánd við það, en skyldur er skot-
maður að koma samstundis og hans er vitjað sje hann eigi löglega forfallaður, og má
hann ekki yfirgefa grenið fyr en hann hefir reynt til þrautar að vinna dýrin eða
að þau eru unnin, en full tilraun telst eigi gjörð á skemri tíma en 3 sólarhring-
um. En vanræki skotmaður þetta að forfallalausú tapar hann kaup og fæðis-
peningum á því greni.

43. gr.

Ef grenjavinsla mistekst af einhverjum orsökum þannig að yrðlingarsju
eftir í greni, skal skotmaður sjá um að rækilega sje eitrad með strycknin í að-
gengilegu og ginnandi æti, er hann sje ætið útbúinn með, ef á þarf að halda.

44. gr.

Öllum þektum grenjum í hverjum hreppi, skulu ábúendur jarða gefa nafn eftir staðháttum, sem hreppsnefnd svo innfæri í partil gjörða bók. Öllum nýjum grenjum skal finnandi gefa nafn eftir sömu reglu, og sem hreppsnefnd svo innfæri í bókina. Sömu reglur gilda um eyðijarðir og afrjettir með þeirri undantekningu, að hreppsnefndin annast um alt slíkt.

Við ábúandaskifti skal það vera skylda fráfaranda að sýna viðtakanda öll þekt gren í landareigninni.

Hreppsnefndir, hver í sínum hreppi, annast um framkvæmd á þessu.

45. gr.

Hreppsnefndir skulu sjá um hver í sínum hreppi, að eitrað sje fyrir refi á hverjum vetri, þar sem haganlegast þykir, á hentugum tíma, og sje henni (eitruninni) lokið fyrir janúarmánaðarlok.

Aðalreglan með eitrun sje sú, að hross, lömb eða rjúpur sje til þess notað, og sjeu þá 3 lömb eða 100 rjúpur sem einn hrossskrokkur; nefndin skal sjá um að nægilegt hræ sje til eitrunar og eiturfur þörfum. Eitrað sje með strycknin og sje það framkvæmt af manni, sem til þess er kjörinn af hreppsnefndinni og til þess sje eiðsvarinn. Eitrunarmaður gjöri bónda aðvart um hvar hann leggur niður eiturfur í landeign hans.

46. gr.

Hver sem vinnur refi öðruvísi en á greni eða með eitri á tímabilinu frá 1. apríl til 1. desbr., skal fá 2 krónur í þóknun fyrir hvert dýr, hvort sem það er ungt eða gamalt, af sveifarsjóði þess hrepps, sem þau eru unnin í, þó því aðeins að skinnið hafi verið sýnt hreppsnefndinni eða tveim skilríkum mönnum svo fljótt sem verða má eftir vinninguna, og skal þá ónýta þau nema í þeim virðist nokkuð verð, þá skulu þau afhent oddvita, sem geymir þau þar til þau eru lögð inn í kaupstað, nýtur þá veiðimaður andvirðisins.

47. gr.

Heimilt skal að ala upp yrðlinga, en sá sem elur upp yrðlinga, skal greiða í sekt 50—200 krónur ef yrðlingurinn sleppur, og skulu yrðlingarnir vera hafðir í járnum eða á umflotnum eyjum í svo mikilli fjarlægð frá landi að ekki stafi hætta af. Helmingur sektar tilfellur uppljóstursmanni, og helmingur sveitarsjóði.

48. gr.

Skylt er hverjum þeim manni, sem elur yrðlinga að gefa hreppsnefnd skýrslu um tölu yrðlinganna fyrir ágústmánaðarlok ár hvert og fylgi skýrslunni

vottorð tveggja áreiðanlegra manna; sömuleiðis er þeim, sem elur yrðlinga skylt **100** að gefa hreppsnefnd skýrslu um það fyrir aprilmánaðarlok hve marga yrðlinga **22. júlí** hann hefir drepíð af þeim yrðlingum, er hann hefir alið það ár. Skýrslunni fylgi sönnunarovottorð tveggja valinkunnra manna.

49. gr.

Hver sem gjörir kröfu til borgunar fyrir eitthvað, sem lýtur að eyðingu refa á grenjum eða með eitrun, skal senda oddvita þess hrepps, sem í hlut á greinilegan reikning fyrir septembermánaðarlok ár hvert. Reikningnum skal fylgja skýrsla um verk það eða tillag, sem borgunar er krafist fyrir. Reikninginn leggur oddviti því næst fram fyrir alla hreppsnefndina til yfirskoðunar og úrskurðar; samþykki hún reikninginn óbreyttan fá hlutaðeigendur upphæðina borgaða, annaðhvort þá þegar af sveitarsjóði eða við niðurjöfnun hreppsgjalda það haust. Refaveiðakostnaðarreikninga þá, sem ekki eru komnir til oddvita fyrir hinn tiltekna dag, þurfa hreppsnefndir ekki að taka til greina nema sjerstaklega á standi.

Brot móti þessum kafla að undantekinni 47. gr. varða sektum frá 2—100 krónur.

50. gr.

Allar sektir fyrir brot á reglugjörð þessari renna í viðkomandi sveitar-sjóð aðrar en þær, sem getur um í 37. og 47. gr. hjer að framan.

51. gr.

Með mál útaf brotum á reglugjörð þessari, skal farið sem almenn lög-reglumál.

52. gr.

Með reglugjörð þessari er numin úr gildi reglugjörð fyrir Snæfellsness- og Hnappadalssýslu um fjallskil m. fl. frá 7. jan. 1911.

Reglugjörð þessi, sem sýslunefnd Snæfellsness- og Hnappadalssýslu hefir samið og samþykkt samkvæmt 71. gr. sveitarstjórnarlaganna, sbr. lög nr. 14, 22. mars 1890, og nr. 36, 24. nóv. 1893, staðfestist hjermeð til að öðlast gildi 1. ágúst 1916.

Í stjórnarráði Íslands, 22. júlí 1916.

Einar Arnórsson.

Jón Hermannsson.